

Ed.

690. Nefndarálit

um frumvarp til laga um Fiskiveiðasjóð Íslands.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefir borist brjef frá fjárhagsnefnd Ed., þar sem hún æskir þess, að sjávarútvegsnefnd taki til meðferðar frv. til laga um veðlánasjóð fiskimanna í sambandi við frv. þetta.

Meiri hluti nefndarinnar telur hvorugt þetta frv., eins og þau nú liggja fyrir nefndinni, svo úr garði gert, að hann geti fylgt þeim óbreyttum. Hinsvegar er nú komið nærri þinglausnum, og því ekki kostur á að koma að breytingum,

ef nokkuð á að geta náð framgangi á þessu þingi. En þar sem meiri hlutinn telur mál það, er þessi frv. hljóða um — lánsstofnun fyrir hinn smærri útveg landsmanna —, afar-mikilsvert mál, ef hægt væri að koma því í það horf, sem best hentar þeim, sem njóta eiga, og þar sem undirbúningur málsins, að dómi meiri hlutans, er enn ekki svo rækilegur sem þörf er á um svo stórt mál, og þar sem fje það, sem slíkri stofnun er ætlað til rekstrar eftir frv. um Fiskiveiðasjóð Íslands, er mjög svo ófullnægjandi til þess, að slík lánsstofnun geti komið að verulegum notum fyrir hinn smærri útveg, þá leggur meiri hluti nefndarinnar til, að báðum þessum frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar með tilmælum um, að hún undirbúi lög um fullkomna lánsstofnun fyrir hinn smærri útveg landsmanna og leggi frv. til slíkra laga fyrir næsta Alþingi.

Alþingi, 17. maí 1929.

Erlingur Friðjónsson,
formaður.

Ingvar Pálmason,
fundaskr. og frsm.